

Rafræn læknabréf
Ávarp heilbrigðismálaráðherra
22. desember 2004

Góðir gestir.

Eitt forgangsmálanna í tengslum við heilbrigðisþjónustuna er að beita nútíma tækni við þau margbrotnu samskipti sem menn þurfa að eiga á þessu sviði. Þetta er forgangsmál vegna þess að í rafrænni nútíð tryggja menn öryggi samskiptanna sem eru í þágu sjúklingsins og þeirra sem í hlut eiga og þetta er forgangsmál af þeirri einföldu ástæðu að rafræn samskipti hafa nú þegar og munu hafa enn meiri sparnað í för með sér þegar fram líða stundir. Auk þessa munu hin rafrænu samskipti lækna spítalans og Heilsugæslunnar verða hluti af rafrænni sjúkraskrá Heilsugæslunnar þótt þau eigi upphaf sitt á fyrrgreinda staðnum.

En þessi þróun er ekki aðeins liður í rafrænni sjúkraskrá Heilsugæslunnar í Reykjavík. Þetta er líka liður í uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrá í landinu. Ég hef áður látið þau orð falla að það sé afar mikilvægt fyrir okkur hér að halda vöku okkar og dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum á þessu stuðningssviði heilbrigðisþjónustunnar og því tók ég þá ákvörðun á sínum tíma að setja aukinn kraft í undirbúningsvinnu á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til þess einmitt að leggja drög að uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu. Það er ætlun okkar að vinna markvisst að þessu mikilvæga verkefni á næstu misserum af þeim ástæðum sem ég nefndi hér að framan.

Þegar ég segi að það sé brýnt að við drögumst ekki aftur úr öðrum þjóðum á þessu sviði þá segi ég það vegna þess að við vorum að sumu leyti á undan öðrum þegar hér var mótuð stefna í upplýsingamálum heilbrigðisþjónustunnar fyrir tæpum tíu árum.

Það er von mín að samstarfið sem skilar sér nú í þessu þróunarverkefni – samstarfið milli Landspítala, Heilsugæslunnar og Theriaks á grundvelli stefnumótunar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og undir verndarvæng ráðuneytisins – það er von mín að þetta verkefni tákni nýtt upphaf í þróun rafrænnar sjúkraskrár.

Það er mikilvægt í þessu sambandi að leiða saman krafta þeirra sem skrá og nota upplýsingarnar, fyrirtækjanna sem búa til hinar tæknilegu lausnir og heilbrigðisyfirvalda sem setja kúrsinn og leggja til verulegan hluta þess fjár sem til þarf við uppbyggingu kerfisins. Þetta er mikilvægt vegna þess að með samstarfi af þessu tagi verður niðurstaðan betri en ella. Og það er sérstaklega mikilvægt á heilbrigðissviði að stuðla að og hlúa að svona þrí, eða fjórhliða samstarfi til þess að til verði lausnir sem gagnast okkur beint en ekki síður að einmitt þær lausnir verði að vöru sem til dæmis hægt er að selja á alþjóðlegum vettvangi.

Þetta segi ég vegna þess að á vettvangi heilbrigðistækni höfum við dæmi um hvernig þekking og reynsla í heilbrigðisþjónustunni hefur verið umsett í beina framleiðslu og þetta segi ég líka vegna þess að ef við gerum þetta ekki þá missum við frá okkur grunnþekkinguna sem nýsköpun í framleiðslu á þessu sviði hvílir á.

Þótt þessi atburður hér í dag marki ef til vill ekki þáttaskil í þessum skilningi þá er það von mín að við getum innan skamms litið aftur til þessa viðburðar og kinnroðalaust sagt að hér hafi orðið viss tímamót í uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár á Íslandi.

(Talað orð gildir)